

**Afgreiðslur byggingarfulltrúa 17 - 62. fundur  
haldinn að Laugarvatni, 6. september 2017  
og hófst hann kl. 13:00**

**Fundinn sátu:**

Davíð Sigurðsson, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa, Rúnar Guðmundsson, Byggingarfulltrúi og Guðmundur Þórisson, Áheyrnarfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Rúnar Guðmundsson, byggingarfulltrúi

**Dagskrá:**

**Hrunamannahreppur:**

**1. Ásabyggð 41: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1708087**

Sótt er um leyfi til að fjarlægja núverandi sumarhús, byggt 1988 skv. Þjóðskrá Íslands og byggja sumarhús 85,1 ferm og 269,5 rúmm úr timbri

*Samþykkt*

**2. Ásabyggð 42: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1708088**

Sótt er um leyfi til að fjarlægja núverandi sumarhús, byggt 1988 skv. Þjóðskrá Íslands og byggja sumarhús 85,1 ferm og 269,5 rúmm úr timbri

*Samþykkt*

**3. Ásabyggð 43: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1708089**

Sótt er um leyfi til að fjarlægja núverandi sumarhús, byggt 1988 skv. Þjóðskrá Íslands og byggja sumarhús 85,1 ferm og 269,5 rúmm úr timbri

*Samþykkt*

**Grímsnes- og Grafningshreppur:**

**4. Kerhraun C 77: Stöðuleyfi: Gámur - 1708064**

Sótt er um stöðuleyfi fyrir gám meðan sumarhús er í byggingu.

*Samþykkt að veita stöðuleyfi til 4. september 2018 vegna byggingar sumarhúss.*

**5. Lundeyjarsund 10: Umsókn um byggingarleyfi: Geymsla - 1708074**

Sótt er um leyfi til að byggja geymslu úr timbri

*Vísað til skipulagsnefndar til afgreiðslu.*

**6. Hestur lóð 6: Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús - viðbygging - 1708092**

Tilkynnt er stækkun á sumarhúsi 39,2 ferm úr timbri. Heildarstærð eftir stækkun er 89,4 ferm

*Samþykkt*

**Skeiða- og Gnúpverjahreppur:**

**7. Kálfhóll 1D: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús - 1708065**

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús 115 ferm úr timbri.

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**Bláskógabyggð:**

**8. Lindarbraut 1A: Umsókn um byggingarleyfi: Íbúðarhús - stækkun og bílgeymsla - 1706082**

Sótt er um leyfi til að stækka íbúðarhús um 22,4 ferm og byggja bílgeymslu 76,7 ferm. Heildarstærð eftir stækkun er 264,6 ferm

*Byggingaráform eru samþykkt, þau uppfylla ákvæði mannvirkjalaga nr. 160/2010 og gr. 2.4.2 í byggingarreglugerð 112/2012. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum gr. 2.4.4 í byggingarreglugerð 112/2012.*

**9. Hvannalundur 8: Krafa um rif á húsi - 1709013**

Byggingarfulltrúi tekur meðferðar og afgreiðslu, kröfu eigenda að Hvannalundi 10, Bláskógabyggð, um að fjarlægja skuli stækkun sumarhúss á lóðinni að Hvannalundi 8, Bláskógabyggð, eða að sumarhúsið verði fært 10 metra frá lóðarmörkum.

*Niðurstaða byggingarfulltrúa er sú að hvorki efnisrök né hagsmunir séu fyrir því að fjarlægja stækkun hússins eða færa húsið frá lóðarmörkum, eins og eigendur Hvannalundar 10 gera kröfu til.*

*Kröfu eigenda Hvannalundar 10 um að byggingarfulltrúi hlutist til um að stækkun sumarhúss að Hvannalundi 8 verði fjarlægð eða húsið fært 10 metra frá lóðarmörkum er hafnað.*

*Málsaðilum verður sendur ítarlegur rökstuðningur fyrir niðurstöðu byggingarfulltrúa vegna afgreiðslu málsins.*

**10. Birkilundur 6: Tilkynningarskyld framkvæmd: Sumarhús - stækkun - 1708052**

Tilkynnt er viðbygging á sumarhúsi, heildarstærð eftir stækkun er 73 ferm.

*Samþykkt.*

**11. Dynjandisvegur 38: Umsókn um byggingarleyfi: Sumarhús með bílskýli - 1708062**

Sótt er um leyfi til að byggja sumarhús með bílskýli 143,6 ferm úr timbri.

*Samþykkt með fyrirvara um að brugðist verði við athugasemdum vegna innlagðra gagna.*

**12. Hverabraut 1: Stöðuleyfi: Gámar - 1708066**

Sótt er um stöðuleyfi fyrir tvo gáma

*Byggingarfulltrúi synjar umsögn um stöðuleyfi.*

**13. Spóastaðir (167508): Umsókn um byggingarleyfi: Geymsla - 1708043**

Sótt er um leyfi til að byggja geymslu 39,8 ferm og 121,2 rúmm úr timbri

*Samþykkt.*

**Flóahreppur:**

**14. Litla-Ármót: Umsókn um byggingarleyfi: Fjós - 1708041**

Sótt er um leyfi til að byggja fjós

*Samþykkt með fyrirvara um jákvæðar umsagnir frá umsagnaraðilum.*

**15. Volatún: Stöðuleyfi: Gámar - 1709012**

Sótt er um stöðuleyfi fyrir einn 40 feta og tvo 20 feta gám.

*Umsókninni er synjað.*

**Umsögn um rekstrarleyfi:**

**17. Þrastalundur lóð 1: Umsögn um rekstrarleyfi - 1709008**

Umsögn um rekstrarleyfi í fl.III, tegund veitingastaðar - veitingahús (A)

*Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði rekstrarleyfi í fl. III. Gestir allt að 220 manns.*

*Leyfið er gefið út með fyrirvara um að gerðar verði lagfæringar og úrbætur fyrir 5. október 2017. Byggingarfulltrúi tilgreinir í bréfi til umsækjanda um eðli úrbóta og lagfæringa.*

**16. Brúarholt II: Umsögn um rekstrarleyfi - 1708014**

Umsögn um rekstrarleyfi í fl.IV, gististaður með áfengisveitingum - hótél (A)

*Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt sé rekstrarleyfi í fl. IV.*

*Gististaður með áfengisveitingum. Gisting fyrir allt að 73 manns og veitingar fyrir allt að 280 manns.*

**18. Haukadalsvöllur: Umsögn um rekstrarleyfi: Golfskáli - 1705021**

Umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, veitingastaður - kaffihús

*Umsókn um rekstrarleyfi er synjað, þar sem ekki hefur farið fram lokaúttekt á húsinu.*

**19. Efsti-Dalur 2: Umsögn um rekstrarleyfi - 1706091**

Umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, veitingarstaður - Veitingahús (A), mhl 17

*Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að veitt verði rekstrarleyfi í fl. II Veitingastaðir.*

*Gestafjöldi allt að 190 manns.*

**20. Skólavegur 1: Umsögn um rekstrarleyfi - 1708058**

Umsögn um rekstrarleyfi í fl. II, gististaða - stærri gististaða

*Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemd við að veitt sé nýtt rekstrarleyfi í fl. II. Gisting fyrir allt að 16 manns.*

Fleira ekkert Fundi sítið kl. 16:30  
Byggingarfulltrúi

David Sigurdsson